

## GJALDSKRÁ

### Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2022 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við dagdvöl skv. gjaldskrá þessari. Gjaldskráin tekur til þjónustu við sjúkratryggða einstaklinga í dagdvalarrýmum á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2022 og eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

##### *Daggjöld vegna þjónustu í dagdvalarrýmum.*

Daggjald fyrir þjónustu í dagdvalarrými er greitt eftir hvern almanaksmánuð.

Tilgreindur fjöldi dagdvalarrýma ákvarðar umfang þjónustunnar sem greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands tekur til. Miðað er við að þjónusta í dagdvalarrými sé í boði 250 daga ársins.

Miðað er við að ein koma í dagdvalarrými vari í a.m.k. 6 klst. á dag. Innifalið í daggjöldum dagdvalarrýma er nauðsynlegur flutningskostnaður og hvers konar þjónusta sem látin er í té á stofnum, sbr. meðal annars reglugerðir nr. 1245/2016, um dagdvöl aldraðra og nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Daggjöld fyrir dagdvalarrými skulu vera sem hér segir:

| Tegund dagdvalar                                 | Fjöldi<br>dagdvalarrýma                             | Daggjald |            |
|--|---|----------|------------|
| <b>A. Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins</b> |   |          |            |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Drafnarhús, dagdvöl, Hafnarfirði                    | 22       | 18.558 kr. |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Eir, Reykjavík                                      | 48       | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                                   | Eir - Hlaðhamrar, Mosfellsbæ                        | 9        | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Fríduhús, dagdvöl, Reykjavík                        | 18       | 18.558 kr. |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Hlíðarbær, dagdvöl, Reykjavík                       | 22       | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                                   | Hrafnista, Sléttuvegi, Reykjavík                    | 30       | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                                   | Hrafnista, Boðaþingi, Kópavogi                      | 30       | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                                   | Hrafnista, Hafnarfirði                              | 26       | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                                   | Hrafnista Ísafold, Garðabæ                          | 16       | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Hrafnista Ísafold, Garðabæ                          | 4        | 18.558 kr. |
| Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu               | Hrafnista, Reykjavík                                | 30       | 23.192 kr. |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Hrafnista, Reykjavík                                | 30       | 18.558 kr. |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Maríuhús, dagdvöl, Reykjavík                        | 22       | 18.558 kr. |
| Almenn sérhæfð dagdvöl                           | Múlabær, dagdvöl, Reykjavík                         | 52       | 12.102 kr. |
| Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu               | Múlabær, dagdvöl, Reykjavík                         | 8        | 23.192 kr. |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun        | Roðasalir, Kópavogi                                 | 20       | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                                   | Sóltún öldrunarþjónusta - Sólvangur,<br>Hafnarfirði | 14       | 8.486 kr.  |

| Tegund dagdvalar                          |  | Fjöldi dagdvalarrýma | Daggjald   |
|---|--|----------------------|------------|
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Sóltún öldrunarþjónusta - Sólvangur, Hafnarfirði | 12                   | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                            | Vigdisarholt - Sunnuhlíð, Kópavogi               | 21                   | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Vigðisarholt - Sunnuhlíð, Kópavogi               | 9                    | 18.558 kr. |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Vitatorg, dagdvöl, Reykjavík                     | 18                   | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                            | Þorrasel, dagdvöl, Reykjavík                     | 50                   | 8.486 kr.  |
| <b>B. Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja</b>    |  |                      |            |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvöl aldraðra, Grindavík                      | 5                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvöl aldraðra, Reykjanesbæ                    | 18                   | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Dagdvöl aldraðra, Reykjanesbæ                    | 15                   | 18.558 kr. |
| <b>C. Heilbrigðisumdæmi Vesturlands</b>   |  |                      |            |
| Almenn dagdvöl                            | Brákarhlíð, Borgarnesi                           | 4                    | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Brákarhlíð, Borgarnesi                           | 1                    | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvöl aldraðra, Hvammstanga                    | 5                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólm              | 2                    | 8.486 kr.  |
| <b>D. Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða</b>    |  |                      |            |
| Almenn dagdvöl                            | Hlíf, dagdvöl, Ísafirði                          | 13                   | 8.486 kr.  |
| <b>E. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands</b>   |  |                      |            |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvöl aldraðra, Siglufirði                     | 7                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvöl aldraðra, Skagafirði                     | 11                   | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Dalbær, Dalvík                                   | 14                   | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Fjallabyggð, Hornbrekka, Ólafsfirði              | 6                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Hvammur, Húsavík                                 | 23                   | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Naust, Þórshöfn                                  | 4                    | 8.486 kr.  |
| <b>F. Heilbrigðisumdæmi Austurlands</b>   |  |                      |            |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvalarheimilið Breiðalsvík                    | 5                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Hlymsdalir, Egilsstöðum                          | 5                    | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Hlymsdalir, Egilsstöðum                          | 3                    | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                            | Sundabúð Vopnafirði                              | 1                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Tryggvabúð, dagdvöl, Djúpavogi                   | 4                    | 8.486 kr.  |
| <b>G. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands</b>    |  |                      |            |
| Almenn dagdvöl                            | Árborg, dagdvöl, Selfossi                        | 16                   | 8.486 kr.  |
| Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun | Árborg, dagdvöl, Selfossi                        | 15                   | 18.558 kr. |
| Almenn dagdvöl                            | Ás, Hveragerði                                   | 5                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Dagdvöl aldraðra, Þorlákshöfn                    | 8                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Hjallatún, Vík                                   | 2                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Kirkjuhvoll, Hvolsvelli                          | 2                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri               | 1                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Lundur, Hellu                                    | 2                    | 8.486 kr.  |
| Almenn dagdvöl                            | Sveitarfélagið Hornafjörður, dagdvöl             | 7                    | 8.486 kr.  |

## 3. gr.

*Húsnaðisdaggjald.*

Húsnaðisdaggjald fyrir dagdvalarrými mætir viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs þeirra. Húsnaðisdaggjald árið 2022 er kr. 431 á dag fyrir að hámarki 30 fermetra dagdvalarrými.

Húsnaðisdaggjaldið fyrir dagdvalarrými hlutfallast í samræmi við stærð rýmisins og reiknast aldrei á stærra rými en hámarkið segir til um.

## 4. gr.

*Greiðslupátttaka.*

Greiðslupátttaka hins sjúkratryggða vegna dagdvalar fer samkvæmt 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra og reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum.

## 5. gr.

*Dagdvöl.*

Umsóknir um dagdvöl skulu berast til viðkomandi rekstraraðila eða heimilis sem býður upp á úrræðið. Þurfi að forgangsaða umsækjendum skulu þeir ganga fyrir sem eru í mestri þörf fyrir úrræðið. Auk þess skal taka tillit til dagsetningar umsóknar og þess hvort umsækjandi hafi áður verið í sams konar úrræði og þá hversu langt er liðið frá því að það var síðast notað.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Þar skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknishjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs, sbr. lög nr. 125/1999 og reglugerð nr. 1245/2016, með síðari breytingum.

*A. Almenn dagdvöl.*

Dagdvölín er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit, umsjá og stuðning til að geta búið heima. Notendur dagdvalar geta sótt þjónustuna daglega eða tiltekna daga í viku hverri. Tryggja þarf notendum dagdvalar heilbrigðisþjónustu og félagslegan stuðning á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hvers og eins.

*B. Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun.*

Dagdvölín tekur m.a. til sjúkra- og/eða iðjuþjálfunar fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm og miðar þjónustan að því að rjúfa einangrun einstaklinganna, gefa þeim kost á að umgangast jafningja, taka þátt í daglegum athöfnum og þjálfra hug og hönd eins og geta hvers og eins býður. Áhersla er á að gera einstaklingnum kleift að búa heima og viðhalda sjálfhjálpargetu með því að bjóða upp á örвandi og hvetjandi starfsemi og fresta þannig þörf fyrir sólarhringsumönnun. Þjónustan skal taka mið af þörfum einstaklingsins, áhuga, getu og óskum. Leggja skal áherslu á sveigjanleika í starfseminni, fjölbreytta virkni, þjálfun og afþreyingu út frá mismunandi þörfum og áhuga. Þannig skal stuðla að umönnun sem efli styrk og getu, stuðlar að vellíðan og eykur öryggi. Leggja skal áherslu á að skapa rólegt og öruggt umhverfi með faglegri umhyggju. Einnig skal huga að mikilvægi upplýsingaþjafar til einstaklingsins og aðstandenda hans.

*C. Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu.*

Í dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu felst dagþjálfun þar sem áhersla er lögð á líkamlega þjálfun og félagslega virkni. Þjónustan er eingöngu fyrir aldraða þar sem endurhæfing er forsenda þess að viðkomandi geti áfram búið heima eða fyrir aldraða sem þarfnað endurhæfingar í kjölfar sjúkrahúslegu. Dagþjálfunin er 8-10 vikna úrræði 3-5 daga vikunnar og opin frá kl. 8-19 alla virka daga.

Umsókn til meðferðaraðila skal vera á þar til gerðu eyðublaði þjónustuaðila. Með henni skal fylgja lækna- og/eða hjúkrunarbréf þar sem fram kemur að þörf sé á þjálfun til dæmis sjúkra- og/eða iðjuþjálfun. Ef umsókn er samþykkt skal inntökuteymi þjónustuaðila gera mat á markmiðum og skipulagi þjálfunar í samráði við fagaðila og skal það uppfært mánaðarlega eða eftir því sem við á.

*D. Almenn sérhæfð dagdvöl.*

Á eingöngu við um Múlabæ.

## 6. gr.

*Rafræn samskipti og reikningsupplýsingar.*

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Þeir skulu vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Reikningar er varða þjónustu sem veitt er á grundvelli gjaldskrár þessarar skulu sendir Sjúkratryggingum Íslands rafrænt mánaðarlega. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt og skulu þær berast SÍ í síðasta lagi 10. dag hvers mánaðar, fyrir liðinn mánuð.

Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994. Rekstraraðilar bera kostnað af innskráningu upplýsinga en ekki af rekstri og viðhaldi RAI-gagnagrunns og þjónustukerfa Sjúkratrygginga Íslands.

Ef ekki reynist unnt að ákvarða rétt til greiðslu eða fjárhæð hennar vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að fresta greiðslu þar til úr því er bætt. Stofnunin skal gera viðkomandi heimili viðvart ef til frestunar kemur, leiðbeina um hvaða upplýsingar skortir og skora á það að veita þær innan viðhlítandi frests.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2022 og er gildistími sá sami og kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 151/2021.

*Sjúkratryggingum Íslands, 31. janúar 2022.*

**Maria Heimisdóttir.**

---

*Júlíana H. Aspelund.*

---

B-deild – Útgáfudagur: 1. febrúar 2022